



Fundargerð stjórnar LSS

Fundarstjóri: Stefán Pétursson, formaður LSS.	Fundur nr. 267
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	Reykjavík, 22.05.18
Mættir: Ásgeir Þórisson, meðstjórnandi. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Kristinn Guðbrandsson, meðstjórnandi Magnús Smári Smáráson, varaformaður LSS. Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra. Stefán Pétursson, formaður LSS. Steinþór Darri Þorsteinsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna.	Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 10:00 Til kl. 13:30
Fjarverandi: Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna.	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	Setning SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	SP
2.	Fundargerð síðasta fundar Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.	SP
3.	Kynning á starfssemi LSS – Fyrirkomulag stjórnarfunda SP/MSS fóru yfir störf stjórnar. Tíðni og fyrirkomulag funda, ábyrgð stjórnarmanna og fundarsköp. Stjórnarmenn fá netföng sem vilja. Skoða fyrirkomulag með að útvega stjórnarmönnum spjaldtölvur. Fundargerðir séu sendar á stjórn eftir fagdeildar-og vinnufundi.	SP/MSS
4.	17. þing LSS – Eftirfylgni <ol style="list-style-type: none">Erindi til stjórnar LSS frá deildarfundi SHS. Erindið var mótttekið en því frestað.Erindi til stjórnar frá fulltrúa SHS. Erindið var mótttekið. Stjórn LSS fól MSS að svara erindinu. Stjórn mun stofna vinnuhóp sem skoðar hvort það sé hægt að skipta félaginu upp í deildir. Sjá betur undir önnur mál.Ályktun til stjórnar LSS frá deild SA. Erindið er mótttekið. HS falið að svara erindinu.Skipun stjórnar í nefnd um atkvæðivægi og lagabreytingar LSS. Stjórn samþykkti í tölvupósti 14 maí um að stofna vinnuhóp um atkvæðavægi og lagabreytingar. Hópurinn þarf að skila af sér í síðasta lagi í lok september. Hópurinn fékk sent erindisbréf með lýsingu á verkefninu, ábyrgð og skyldum. Fyrsti fundur hópsins verður 28. maí nk.Félags- og samningsréttargjald. Hækkun félagsgjalda hlutastarfandi. Stjórn samþykkir að fresta hækkun félagsgjalda hlutastarfandi fram að fulltrúaráðsfundi í haust.Ályktanir. HS falið að senda ályktanir á helstu hagsmunaaðila. Í kjölfarið óska eftir fundi með ráðherrum þar sem við á.	SP/MSS



	<p>7. Lög LSS. Lög hafa verið uppfærð og samþykkt. Þau verða sett á heimasíðu félagsins.</p> <p>8. Stjórn samþykkir að stjórn og fagdeildir félagsins setji sér upp starfsáætlanir og þær samræmdar í haust.</p>	
5.	<p>Skipun í embætti (ráð, nefndir, sjóðir, vinnuhópar) HS falið að senda póst á fulltrúa í nefndum þar sem þeim gefst kostur á að halda áfram eða endurnýja störf sín í embætti.</p> <p>Stjórn samþykkir stjórn Styrktarsjóðs. Stjórn skipa: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS, Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS og Halldóra Kristín Guðjónsdóttir, bókarari LSS til tveggja ára. Tryggingasjóður verður óbreyttur.</p> <p>Varðandi fagdeild slökkviliðsmanna þá urðu tveir aðilar jafnir í stigafjölda. Stjórn LSS dró spil og Jón Kristinn Valsson var skipaður í fagdeild slökkviliðsmanna. Gústav Alex Gústavsson er þakkað fyrir framboð sitt.</p> <p>Stjórn skipar Kristinn sem ritara og Ásgeir sem gjaldkera til tveggja ára.</p> <p>Krabbameinsnefnd verður óbreytt.</p> <p>Kjaranefnd skipuð. Fyrsti fundur verður í haust.</p> <p>Stjórn samþykkir að setja á laggirnar tvo vinnuhópa. Þeir eru:</p> <ol style="list-style-type: none">1) Fararstjóri á Rauða hanann, júní 2020. Stjórn skipar Lárus Steindór Björnsson sem fararstjóra á ráðstefnuna. LSB og HS klára vinnuhópablað og skila til stjórnar. Tengiliður við stjórn verður formaður fagdeildar slökkviliðsmanna.2) Formaður undirbúningsnefndar vegna ráðstefnunnar „Á vakt fyrir Ísland 2019“. Stjórn skipar Jón Pétursson sem formann þessarar nefndar. JP og HS klára vinnuhópablað og skila til stjórnar. Tengiliður við stjórn eru formenn fagdeilda sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna.	SP/MSS
6.	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none">1. Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn. Var haldið 16.-17. maí sl. við góðar undirtektir. Heildarþátttakendafjöldi voru 10 manns.2. Lagt er til að stofna þriggja manna vinnuhóp stjórnar um hvort hægt sé að skipta félaginu upp í tvær deildir og með hvaða hætti. MSS falið að vinna málið áfram.3. Endurskoðun reikninga.4. Neyðarakstur. Formenn upplýstu um fyrirkomulag slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um réttindi til neyðaraksturs og er sú vinna í gangi. SDP er falið að vinna málið áfram. LSS vill sérmerkingu í ökuskríteinið.	Allir



5. Gæðahandbók fulltrúans. Er í vinnslu. KG og MSS vinna málið áfram.
6. Orlofshúsamál. Gjaldkera er falið að vinna úr ályktuninni með orlofsnefndinni varðandi orlofshúsamál.
7. Fjármál LSS. Farið var yfir endurskoðunarskýrslu PWC og gert grein fyrir næstu skrefum.
8. Sumarleyfi starfsmanna. Lokað 7. júlí – 13. ágúst

Næstu stjórnarfundir verða 18. júní kl. 10 og 21. ágúst kl. 10.
Vinnufundur stjórnar verður 11. september – 12. september í Munaðarnesi.

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 12:45
Fundargerð ritar HS.